

Alþingi v/Austurvöll
nefndarsvid@althingi.is
150 REYKJAVÍK

Reykjavíkurlugvelli, 14.01.2019
1803022KA

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Höfðaborgarsamninginn

Áður en vikið er að umfjöllun um einstök ákvæði eða athugasemdir vill Isavia ohf (félagið) fagna því að frumvarpið er komið fram til hagsbóta fyrir flugrekendur sem geta nýtt sér ákvæði Höfðaborgarsamningsins til að ná hagkvæmari samningum um kaup eða leigu loftfara. Jafnframt telur félagið að breytingar á 71. gr. með lögveðsákvæði sé til bóta og geti heimilað sanngjarnari úrræði við innheimtu gjalda en leiða má af 1. mgr. 136. gr.

Án þess að eyða of miklu púðri í umfjöllun um lagasetningaraðferð frumvarpsins er félagið á því að heppilegra hefði verið að innleiða samninginn með þeim breytingum sem ráðgerðar eru í I.-III. kafla frumvarpsins í samfelldum lagatexta frekar en að nota þá aðferð sem hér er lögð til sem leiðir til þess að flókið er að vinna með lagatextann í heild.

Aths. við einstök ákvæði .

1. Í 1. mgr. 1. gr. er vísað til aðlögunar sem gerðar eru í 2. gr. Ekki verður annað séð en að aðlögun að samningnum sé að finna í öðrum greinum frumvarpsins t.d. í 3. og 4. gr. Lagt er til að þessu sé breytt í *aðlögunum sem leiðir af lögunum*.
2. Í 1. tl. í 2. gr. er vísað til krafna skv. 1. gr. og XII. kafla Höfðaborgarsamningsins. 1. gr. samningsins eru skilgreiningar og ekki verður séð að hægt sé að vísa beint til sjálfstæðra krafna í greininni, þrátt fyrir að það sé gert í samningnum. Sérstaklega er fjallað um kröfur í 7. gr. og lögsögu og fleira skv. XII. kafla. Lagt er til að þessu verði breytt og gert almennara með því að vísa til laganna almennt þ.e. *fjalla um kröfur skv. lögunum hér á landi eins og við á*.
3. Fella má niður orðin *samkvæmt 1. mgr. í lok 2. mgr. 3. gr. um endurtekningu* er að ræða.
4. Bent er á að í bókun við samninginn í fylgiskjali II. er sérstakur fyrirvari í 2. tl. 6. gr. um að ákvæði bókunarinnar gangi samningnum fram. Vegna þeirrar aðferðar sem beitt er við lagasetninguna í frumvarpinu og þar sem Höfðaborgarsamningurinn og bókun við samninginn munu hafa lagagildi hér á landi, væri eðlilegt að setja samskonar fyrirvara í lögin þ.e. að *verði misræmi milli lagatextans (I. II. og IV kafla) og ákvæða samningsins og bókunar gangi lagatextinn fram*.
5. Í 1. tl. 12. gr. er fjallað um breytingu á 12. laga um Samgöngustofu og gjaldtöku stofnunarinnar. Í því ákvæði er upptalning á fjölda gjalda en til að gæta samræmis í lagatexta er lagt til að í stað *gjöld* í upphafi málsgreinarinnar komi *gjald* (nf. et.) og að í stað sbr. 134.gr. síðar í málsgreininni komi *skv. 134. gr.*
6. Í b-lið 2. tl. 12. gr. frumvarpsins er lagt til að inn komi nýtt ákvæði m.a. með tilvísun til laga um skráningu réttinda í loftförum. Tæplega verður sagt að þær tilvísanir séu í anda Sigurðar Líndal og mætti stytta verulega.

Lögð er til eftirfarandi breyting: *Um skrásetningu réttinda í loftförum eða loftfarshlutum gilda sérstök lög sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu annast skráningu réttinda í. Lög um Höfðaborgarsamninginn ganga fyrir nefndu lögum framur um skráningu réttinda í loftförum hér á landi vegna skráðra tryggingarréttinda sem falla undir samninginn og innbyrðis þýðingu skráðra tryggingarréttinda. Samgöngustofa skal tilkynna breytingar á loftfaraskrá svo fljótt sem verða má til sýslumanns.*

7. Í 2. tl. c-liðar 2. tl. 12. gr. er vísað til samþykkis handhafa skráðra tryggingarréttinda en ekki vikið sérstaklega að lögveði skv. d-lið (71. gr.) lagt er til að á eftir textanum í þessum tölulið eða í nýjum 3. tölulið komi eftirfarandi texti: *staðfesting aðila skv. 1. og 2. mgr. 71. gr. á að engar kröfur með lögveði séu á loftfarinu eða loftfarshlutum.*

Félagið er tilbúið að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir þessar tillögur og skýra þær frekar ef óskað er.

Virðingarfyllst,
Fh Isavia



Karl Alvarsson yfirlögfræðingur